

**Staðall upprunamerkisins**  
**„ÍSLENSKT – STAÐFEST“**

## **Inngangur**

Markmið og tilgangur með upprunamerkinu ÍSLENSKT STAÐFEST (hér eftir „upprunamerkið“) er að auðvelda neytendum að velja matvæli og hráefni af íslenskum uppruna. Staðallinn er grundvöllur upprunamerkisins og gerir skýrar kröfur til uppruna og rekjanleika vara sem bera upprunamerkið. Grundvöllur trúverðugra upprunamerkinga er gagnsæi. Staðallinn og þær kröfur sem hann gerir til notenda upprunamerkisins skal því vera aðgengilegur bæði neytendum og framleiðendum. Krafa um íslenskan uppruna er tryggð með eftirliti sem beinist að framleiðsluáðilum og fyrirtækjum sem nota upprunamerkið. Staðallinn byggir á tveimur meginstoðum og fimm viðmiðum.

### **Tvær meginstoðir**

Upprunamerkið skal auðvelda neytendum að velja íslenskt.

Hráefni og framleiðsla skal hvoru tveggja vera íslenskt.

### **Fimm viðmið**

Öll dýr skulu fædd, alin og slátrað á Íslandi.

Ræktun skal hafa farið fram á Íslandi.

Í samsettum eða unnum matvælum/vörum skal a.m.k. 75% innihaldsefna vera íslensk.

Kjöt, fiskur, egg, sjávarafurðir og hrámjólk skulu vera 100% íslensk, einnig í samsettum eða unnum matvælum.

Öll vinnsla og þökkun skal fara fram á Íslandi.

### **Aukin verðmætasköpun í íslenskum landbúnaði**

Íslenskt staðfest ehf. er í eigu Bændasamtaka Íslands sem eru heildarsamtök íslenskra bænda. Íslenskt staðfest ehf. er eigandi staðalsins og upprunamerkisins (hér eftir „merkiseigandi“) „ÍSLENSKT STAÐFEST“ og stýrir notkun og eftirliti ásamt því að sjá um kynningar og fræðsluefni um íslenskar afurðir og landbúnað á Íslandi. Vefsíðan <http://www.stadfest.is> er vettvangur samskipta vegna verkefnisins.

### **Staðallinn gildir fyrir alla virðisikeðjuna**

Notkun upprunamerkisins er valfrjál og fyrirtæki eða framleiðendur sem kjósa að nota upprunamerkið (hér eftir notendur) skulu gera samning þess efnis við merkiseiganda. Í samningnum skal tekið fram að notandinn ábyrgist að skilyrði fyrir notkun séu uppfyllt, bæði hvað varðar eigin framleiðslu, vinnslu og meðhöndlun undirverktaka, ef við á.

### **Gæðatryggð meðhöndlun og vinnsla**

Í þeim tilgangi að tryggja rekjanleika og öryggi vara skal starfsstöð uppfylla viðeigandi lög og reglur sem gilda um matvælaframleiðslu. Það gildir fyrir allar starfsstöðvar sem eru í frumframleiðslu, vinnslu eða þökkun á matvælum sem bera upprunamerkið.

## **Umsóknir**

Notandi sem velur að nota upprunamerkið, sækir um á vefsíðunni [www.stadfest.is](http://www.stadfest.is) og fær samþykki merkiseiganda enda séu öll skilyrði fyrir notkun uppfyllt. Samþykki merkiseiganda, ásamt undirrituðum samningi um notkun upprunamerkis, skal liggja fyrir áður en notkun hefst.

## **Trúnaður**

Upplýsingar sem umsækjendur eða notendur veita merkiseiganda eru trúnaðarmál. Þær upplýsingar sem greint er frá, svo sem upplýsingar um veltu, eru grundvöllur að notenda- og úttektargjaldi og er farið með sem trúnaðarmál. Upplýsingar sem úttektaraðili fær aðgang að vegna úttekta og varða viðskiptahagsmuni notanda skal fara með sem trúnaðarmál. Merkiseigandi fær eingöngu upplýsingar frá úttektaraðila sem nauðsynlegar eru til að meta hvort viðkomandi uppfylli skilyrði sem sett eru fram í staðli þessum. Heimilt er að birta lista yfir notendur á vefsíðunni [www.stadfest.is](http://www.stadfest.is).

## Skilyrði fyrir notkun upprunamerkisins á vörur og í markaðssetningu

### 1. Almenn

1.1 Eingöngu er heimilt að nota upprunamerkið á fullunna afurð sem er framleidd og pakkað á Íslandi. Kjöt, fiskur, egg, sjávarafurðir og hrámjólk skal í öllum tilfellum vera 100% íslenskt. Hráefnið skal vera íslenskt og að lágmarki 75% íslenskt í samsettum eða unnum vörum. Í vafatilvikum skal merkiseigandi skera úr um hvort heimilt er að merkja vöru með upprunamerkinu, eftir atvikum með því að afla umsagnar óháðs úttektaraðila. Notendur skulu tryggja að innflutt aðföng og hráefni spilli ekki trúverðugleika upprunamerkisins.

1.2 Notendur skulu kynna sér kröfur staðalsins.

1.3 Framleiðsla skal uppfylla kröfur í lögum og reglugerðum sem gilda um matvælaframleiðslu og vinnslu á Íslandi og tryggja að öll framleiðsla, vinnsla, pökkun og merkingar eigi sér stað á framleiðslustöðum sem lúta opinberu eftirliti úttektaraðila vegna öryggis, gæða matvæla og dýraverndunarsjónamiða.

1.4 Notendur skulu fara að lögum sem gilda um markaðssetningu, t.a.m. lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 og reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda nr. 1294/2014, með síðari breytingum, og tryggja að framsetning vara sé ekki villandi fyrir neytendur, sérstaklega að teknu tilliti til uppruna vöru.

1.5 Að neðan er gerð nánari grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til vara sem bera upprunamerkið í framleiðslu. Skilgreiningu á hugtökum er að finna undir 9. kafla staðalsins.

### 2. Skyldur aðila

2.1. Merkiseigandi/notendur skulu tryggja að:

- a) að gerður sé skriflegur samningur milli notanda og merkiseiganda um notkun á merkinu „Íslenskt staðfest“, þar sem notandi gengst undir að uppfylla skilyrði sem sett eru fram í staðli þessum auk þess sem ákvæði um gjöld vegna notkunarinnar skulu koma fram í samningnum.
- b) samningi og kröfum í staðli þessum sé fylgt í hvívetna,
- c) grafískum viðmiðum upprunamerkisins sé fylgt,
- d) breytingar sem merkiseigandi kann að gera á reglum séu kynntar notendum, nýjustu útgáfur af reglum o.s.frv. skulu ávallt birtar á vefsíðunni [www.stadfest.is](http://www.stadfest.is),
- e) úttektir, þ.m.t. tilkynntar og ótilkynntar úttektir, megi framkvæma að því marki sem nauðsyn krefur,
- f) greint sé frá uppfærðum upplýsingum um starfsstöð við úttektir,
- g) upplýsingar um vörur sem merktar eru með upprunamerkinu séu uppfærðar og réttar hverju sinni,
- h) afrit af gildu opinberu starfsleyfi notanda, ásamt úttektarskýslum, skal vera til staðar til skoðunar þegar úttekt fer fram,
- i) umsókn um notkun upprunamerkisins á hverja nýja vöru berist merkiseiganda með nægjanlegum fyrirvara fyrir notkun og má ekki hefjast fyrr en að fengnu samþykki hans,
- j) breytingar sem hafa eða geta haft áhrif á framleiðslu séu tilkynntar til merkiseiganda án tafar, t.a.m. aðilaskipti að rekstri, missir starfsleyfis, greiðsluþrot o.fl.

k) misnotkun upprunamerkisins skuli tilkynnt merkiseiganda án tafar.

l) Notendur skulu hafa tiltæka skriflega yfirlýsingu birgja um innihald hráefna þannig að merkiseigandi geti metið hvort skilyrði sammings þessa séu uppfyllt. Ábyrgð á því að slík yfirlýsing sé efnislega rétt liggur hjá notanda gagnvart merkiseiganda.

### 3. Íslenskt hráefni

#### 3.1 Dýraafurðir

Kjötafurðir skulu koma af dýrum sem eru fædd, uppalin og slátrað á Íslandi.

3.1.1 Kjöt, fiskur, egg og hrámjólk skal vera 100% íslenskt.

3.1.2 Sjávarafurðir skulu veiddar í íslenskri fiskveiðilögsögu, eða komi úr íslensku fiskeldi.

3.1.3 Hreindýr og önnur villibráð skal veidd á Íslandi.

#### 3.2 Grænmetisafurðir og plöntur

Grænmetisafurðir og öll innihaldsefni samsettra vara úr grænmeti og plöntum (t.d. grænmetisréttir) skulu ræktuð á Íslandi.

3.2.1 Grænmeti, grænmetisafurðir og plöntur skulu ræktuð á Íslandi út frá fræjum, lauk og útsæði. Stærstur hluti ræktunartímabils skal hafa farið fram á Íslandi.

3.2.2 Skrautplöntur skulu ræktaðar á Íslandi úr blómlauk, fræjum og útsæði.

3.2.3 Fjölærar plöntur skulu hafa vaxið a.m.k. eitt vaxtartímabil á Íslandi.

3.2.3 Limgerði, rósir, ávaxtatré, tré skal hafa verið ræktað a.m.k. tvö vaxtartímabil á Íslandi.

#### 3.3 Kröfur til frumframleiðslu

Íslenskar hrávörur og innihaldsefni sem er að finna í merktum vörum skulu framleiddar samkvæmt íslenskum lögum og reglum og á þann hátt að íslenskur uppruni sé tryggður.

3.3.1. Í töflunni að neðan má sjá kröfur um uppruna sem gerðar eru til frumframleiðslu:

Hrávöruhópur	Kröfur til frumframleiðslu
Grænmeti, ber jurtir, kartöflur, sveppir.	Ræktað á Íslandi
Alifuglar	Klakið, uppalið og slátrað á Íslandi.
Geitur	Fætt, uppalið og slátrað á Íslandi.
Svín	Fætt, uppalið og slátrað á Íslandi.
Hestar	Fætt, uppalið og slátrað á Íslandi.
Sauðfé	Fætt, uppalið og slátrað á Íslandi.
Mjólk	Úr kúm sem eru fæddar og uppaldar á Íslandi.
Naut og kýr	Fætt, uppalið og slátrað á Íslandi
Fiskur og skeldýr	Villtur uppruni & alið og slátrað á Íslandi. Gilt fiskeldisleyfi.
Egg	Orpin á Íslandi.
Hreindýr og önnur villibráð	Fætt, uppalið og veitt á Íslandi.
Korn og olíur	Ræktað og unnið á Íslandi.
Plöntur	Ræktað á Íslandi.
Villtar jurtir/gróður, ber,	Tínt eða aflað á Íslandi.

sveppir, sjávarsalt og þang.	
------------------------------	--

### 3.4 Samsett eða unnin matvæli/vörur

Kjöt, fiskur, egg, sjávarafurðir og hrámjólk skal vera íslenskt að öllu leyti í samsettum matvælum.

3.4.1. Í samsettum eða unnum matvælum/vörum skal hlutfall íslensks hráefnis vera a.m.k. 75%.

a) Útreikningur á hlutfalli samsettra vara fer fram á grundvelli þyngdar innihaldsefna samkvæmt uppskriftum notenda að undanskildu vatni.

b) Leiðréttar þarf fyrir vatnsupptöku og/eða rýrnun þegar hlutfall hráefnis er reiknað út.

c) Hámark innfluttra hráefna sem innihalda dýraafurðir í samsettum matvælum, sem ekki eru hrávörur, skal að hámarki vera 3%, t.d. aukefni, vítamín, kjötkraftur, lecítín, laktósi, mjólkurprótín, smjörolía, hlaup og kraftur.

3.4.2. Í samsettum eða unnum matvælum er gerð undantekning hvað varðar grænmetisatrolíur í vinnslu majóness og sósugrunna vegna takmarkaðs framboðs af innlendu hráefni.

3.4.3. Upplýsingar um hvaða innihaldsefni eru íslensk skulu koma fram á umbúðum vöru auk upplýsinga um megin hráefni vörunnar (kjöt, fiskur, egg oþh)

3.4.4. Í þeim tilfellum sem vara inniheldur grænmetisafurð, sem ekki er af íslenskum uppruna, skal koma fram að hún sé ekki íslensk.

### 3.5 Drykkjarvörur

3.4.1 Drykkir skulu unnir úr íslensku hráefni. Allt vatn skal vera íslenskt. Innflutt hráefni, t.d. bragðefni, skal að hámarki vera 10%. Með drykkjarvörum er átt við ávaxtasafa, áfengi, gos og vatn, þ.m.t. bragðbætt og kolsýrt vatn.

## 4. Vinnsla og pökkun

Öll vinnsla og pökkun á vegum notenda skal fara fram á Íslandi.

4.1. Notendur skulu tryggja að öll vinnsla, pökkun og merking fari fram á starfsstöðvum innan Íslands og að fyrirtækið, eða undirverktakar á þess vegum, fylgi staðli þessum og ákvæðum samnings þessa..

4.4 Óheimilt er að nota merkingar og umbúðahönnun sem skapa ruglingshættu á matvæli/vörur sem uppfylla ekki kröfur í staðli þessum.

4.5 Allir liðir í virðisikeðjunni skulu fylgja lögum og reglugerðum er varða öryggi og rekjanleika matvæla. Tryggja skal öryggi og rekjanleika matvæla milli allra aðila sem meðhöndla vöruna í gegnum virðisikeðjuna.

4.6. Notendur og fyrirtæki í virðisikeðjunni skulu hafa skriflega verkferla um aðgreiningu og rekjanleika frá innkaupum hráefna til afhendingar vöru sem tryggir að upprunamerktar vörur uppfylla kröfur sem settar eru fram í staðli þessum.

## 5. Úttektir

Eftirlit með því hvort notkun upprunamerkisins er í samræmi við reglur þessar fer fram á tvennan hátt, annars vegar með innri úttekt notanda upprunamerkis og hins vegar eftirliti af hálfu þriðja aðila sem er úttektaraðili sem vinnur verkið í umboði merkiseiganda.

## 5.1 Innri úttekt

Notendur skulu framkvæma innri úttekt árlega.

5.1.1 Notendur, og undirverktakar ef við á, skulu tryggja að starfsstöðvar þeirra framkvæmi innri úttektir í samræmi við gátlista í viðauka 1.

5.1.2 Notendur skulu tryggja að undirverktakar:

- framkvæmi árlega innri úttektir í samræmi við viðauka 1 og geri úrbætur vegna frávíka,
- taki á móti úttektaraðila sem starfar í umboði merkiseiganda og auðveldi honum að framkvæma úttekt.

5.1.3 Öll frávik skulu skráð og leiðrétt án tafar:

- Við eftirlit úttektaraðila skal útfylltur gátlisti vegna innri úttekta liggja fyrir og afhentur eftirlitsaðila,
- öll frávik á starfsstöðvum sem ekki hafa verið leiðrétt skulu tilkynnt til merkiseiganda án tafar sem metur hvort tilefni sé til að beita vanefndaúrræðum skv. kafla 7.

## 6. Úttektir þriðja aðila

Óháð úttekt úttektaraðila hjá notendum og undirverktökum, fer fram að jafnaði á 2ja ára fresti.

6.1 Úttektaraðili, í umboði merkiseiganda, framkvæmir eftirlit með tilkynntum eða fyrirvaralausum úttektum á starfsstöðvum notanda, almennt eru úttektir tilkynntar. Merkiseigandi getur falið einum eða fleiri úttektaraðilum að framkvæma úttektir í þeim tilgangi að kanna hvort notendur uppfylli kröfur sem settar eru fram í staðlinum.

6.2 Merkiseigandi ákveður hvaða notandi sætir úttekt hverju sinni og hvaða vörur skulu teknar út.

6.3 Úttektaraðili skal fyrir allar úttektir hafa samband við tengilið notanda. Við fyrirvaralausa úttekt er haft samband með skömmum fyrirvara stuttu áður en úttekt hefst. Úttektaraðili á rétt á að skoða öll skjöl og starfsemi notanda sem varða notkun á merkinu og þörf er á til að framkvæma úttekt hverju sinni. Merkiseigandi fær úttektarskýrslu að lokinni úttekt. Úttektaraðili gæti trúnaðar gagnvart notendum og öðrum um viðskiptaupplýsingar sem leynt skulu fara.

6.4 Afbókun tilkynntrar úttektar af hálfu notanda skal tilkynnt með að lágmarki þriggja daga fyrirvara, þegar úttekt er afbókuð fer fram framhaldsúttekt við fyrsta tækifæri.

6.5 Framhaldsúttektir, hvort sem hún er vegna þess að tilkynnt heimsókn er afbókuð með of stuttum fyrirvara eða vegna eftirfylgni vegna frávíka skv. úttektarskýrslu, eru greiddar sérstaklega af notanda upprunamerkis í öllum tilfellum.

6.6 Öll frávik frá reglum þessum skulu skráð af úttektaraðila. Úttektaraðili skal afhenda forsvarsmanni notanda niðurstöðu úttektar á staðnum og skal forsvarsmaður staðfesta niðurstöður með undirritun eða með rafrænum hætti um leið og henni er lokið.

6.7 Notandi skal bæta úr öllum frávikum innan 14 virkra daga frá því að úttekt lýkur og úttektarskýrsla liggur fyrir og skal að því loknu greina úttektaraðila skriflega frá úrbótum.

6.8 Niðurstöður úttektar skulu kynntar merkiseiganda af hálfu úttektaraðila innan 21 virkra daga eftir að úttekt lýkur. Hafi ekki verið bætt úr frávikum innan frests skv. 6.7, skal það tilkynnt merkiseiganda sem ákvarðar um vanefndaúrræði skv. 7. kafla.

6.9 Ef ágreiningur rís um niðurstöðu úttektar skal vísa honum til merkiseiganda.

6.10 Merkiseigandi skal gera trúnaðarsamning við úttektaraðila sem tryggir að allar upplýsingar um vörur og framleiðsluferli þeirra séu trúnaðarmál. Brot á þeim trúnaðarreglum varðar sektum sem skulu renna til viðkomandi notanda sem brotið er á.

## 7. Vanefndaúrræði

Merkiseiganda er heimilt að beita vanefndaúrræðum í eftirfarandi tilfellum:

- Úrbætur vegna frávika samkvæmt úttekt eru ekki gerðar innan tiltekins frests.
- Ef líkur eru á að upprunamerkið sé notað á vörur sem ekki uppfylla skilyrði fyrir notkun þess.
- Vegna misnotkunar upprunamerkisins af ásetningi.
- Ef grunur er um að notandi uppfylli ekki skilyrði gildandi laga og reglna.
- Ef heilsu eða öryggi neytenda er ógnað af notkun vörunnar, skv. ákvörðun aðila sem hefur opinbert eftirlit með starfsemi notanda.

### 7.1 Þrjár tegundir vanefndaúrræða

#### 7.1.1 Viðvörðun

Viðvörðun felur í sér að merkiseigandi rannsakar hvort tilefni sé til beitingar frekari vanefndaúrræða.

Viðvörðun gildir þar til viðkomandi notandi hefur gert nauðsynlegar úrbætur vegna frávika, þó ekki lengur en 14 daga frá móttöku viðvörunar. Á því tímabili er notanda heimilt að nota upprunamerkið, með þeim fyrirvörum sem merkiseigandi ákveður, t.d. innköllun vara sem eru ranglega merktar og skylda til að tilkynna viðskiptavinum um rangar merkingar.

Hafi notandi ekki gert úrbætur innan 14 daga frá því að viðvörðun var veitt, er merkiseiganda heimilt að taka ákvörðun um tímabundið bann við notkun upprunamerkisins eða banna alfarið notkun upprunamerkisins.

#### 7.2.1 Tímabundið bann við notkun upprunamerkisins

Tímabundið bann við notkun upprunamerkisins felur í sér að leyfi til notkunar er dregið til baka þar til bætt hefur verið úr frávikum sem leiða til þess að varan uppfyllir ekki lengur skilyrði staðalsins. Tímabundið bann getur lengst gilt í 6 mánuði, ef það liggur fyrir að notandi getur ekki uppfyllt skilyrði staðalsins innan 6 mánaða frá því frávik á sér stað, skal samningi aðila sagt upp, notanda er þá óheimilt að nota upprunamerkið og skal sækja um notkun þess að nýju þegar varan uppfyllir skilyrði fyrir notkun á upprunamerkinu.

Bannið getur gilt fyrir allt alla starfsemi notanda eða hluta hennar.

Á gildistíma bannsins er notanda óheimilt að nota upprunamerkið á umbúðir og í markaðssetningu.

Merkiseiganda er heimilt að tilkynna bannið opinberlega.

Merkiseigandi ákvarðar hvort vörur, sem merktar eru áður en bannið tekur gildi og eru enn í eigu viðkomandi fyrirtækis, er heimilt að selja á markaði auðkenndar með upprunamerkinu.

Merkiseigandi ákvarðar hvort fyrirtækið skuli upplýsa viðskiptavinum um að viðkomandi vörur hafi verið framleiddar á gildistíma banns.

Til að aflétta banni skal merkiseigandi fá staðfestingu á að forsendur banns eigi ekki við og að bætt hafi verið úr þeim frávikum sem leiddi til þess að bannið var sett á.

#### 7.1.3 Uppsögn samnings og bann við notkun upprunamerkis



Hafi notandi ekki framkvæmt fullnægjandi úrbætur vegna frávika skv. úttekt úttektaraðila innan veitts frests, er merkiseiganda heimilt að segja upp samningi við notanda og banna honum notkun á upprunamerkinu.

Uppsögn samnings felur í sér að notanda er óheimilt að nota upprunamerkið til auðkenningar á vörum og í markaðssetningu frá og með ákveðnum tíma sem tekinn er fram í uppsögn.

Ef um alvarleg brot á samningi aðila eða stöðlum þessum er að ræða, er merkiseiganda heimilt að segja fyrirvaralaust upp samningi við notanda og banna honum með öllu notkun á upprunamerkinu, frá uppsagnardegi.

Merkiseiganda er heimilt að birta opinberlega ákvörðun um uppsögn samnings og banni notanda við að nota upprunamerkið.

Merkiseiganda er heimilt að ákveða hvort notandi upplýsi viðskiptavinum um að honum sé notkun upprunamerkisins ekki lengur heimil.

#### 7.1.4 Álagning sektar

Taki merkiseigandi ákvörðun um tímabundið bann við notkun upprunamerkisins eða segir upp samningnum fyrirvaralaust er merkiseiganda heimilt að leggja sektir á viðkomandi notanda, sem samsvarar allt að tvöföldu leyfisgjaldi notanda fyrir notkun á upprunamerkinu miðað við notkun sl. 12 (tólf) mánuði, að lágmarki kr. 700.000. Leggst sektin við önnur gjöld sem heimilt er að innheimta samkvæmt samningi aðila.

### 8. Kvartanir og beiðnir um endurupptöku ákvarðana

8.1 Notandi getur mótmælt ákvörðun um viðurlög merkiseiganda.

8.2 Notandi skal þá tilgreina tilefni kvörtunar og rökstyðja með hvaða hætti forsendur ákvörðunar hafa breyst.

8.3 Ákvörðun um viðurlög gildir á meðan merkiseigandi afgreiðir erindið.

8.4 Kvartanir skulu skráðar og að jafnaði svarað skriflega innan 14 (fjórtán) daga frá móttöku og að hámarki innan eins mánaðar frá móttöku.

8.5 Kvartanir varðandi eftirlit og úttektir skulu beinast að eftirlitsaðila sem framkvæmdi úttekt.

### 9. Skilgreiningar

Almennt gilda skilgreiningar í gildandi lögum og reglum.

#### *Aukefni*

Aukefni eru efni sem notuð eru við tilbúning matvæla til að hafa áhrif á geymsluþol, lit, lykt, bragð eða aðra eiginleika þeirra. Aukefna er almennt ekki neytt en eru t.d. rotvarnarefni. Nánar skilgreint í reglugerð um gildistöku reglugerðar 1333/2008/EB um aukefni í matvælum nr. 978/2011.

#### *Frávik*

Öll tilfelli þar sem kröfum samkvæmt staðli upprunamerkisins er ekki fullnægt.

#### *Frumframleiðandi*

Fyrirtæki sem framleiðir vörur úr jörðu, í búskap eða veiði.

#### *Frumframleiðsla*

Frumframleiðsla er framleiðsla, eldi eða ræktun undirstöðuafurða ásamt uppskeru, mjöltum og eldi dýra fram að slátrun. Frumframleiðsla tekur einnig til dýra- og fiskveiða og nýtingar villigróðurs, sbr. 10. tl. 4. gr. laga um matvæli nr. 93/1995.

#### *Hráefni*

Hráefni eru öll efni, önnur en bætiefni, aukefni, bragðefni og varnarefni sem notuð eru við framleiðslu matvæla, sbr. 12. tl. 1. mgr. laga um matvæli nr. 93/1995, með áorðnum breytingum.

#### *Hrávara*

Ómeðhöndluð matvæli eða meðhöndlað með hreinsun, skurði, þurrkun, hitameðhöndlun, frystingu og afþýðingu. Sem og matvæli sem verður komið í upphaflegt horf með viðbættu vatni. Hrávara sem telst til dýraafurða er t.d. mjólk, smjör, rjómi; óháð fitu- og próteinhlutfalli, sem og duft úr þessum hrávörum, kjöt, tólg, blóð, egg, eggjahvíta, eggjarauða.

#### *Ilm- og bragðefni*

Efni sem bæta ilm- og bragðeiginleikum við matvæli teljast ekki til innihaldsefna. Skilgreint í reglugerð um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á matvæli nr. 187/2015.

#### *Innihaldsefni*

Sérhvert efni eða vara, þ.á m. bragðefni, aukefni í matvælum og matvælaensím, ilmefni, og hvers kyns innihaldsefni efnasambanda sem notuð eru við framleiðslu matvæla og eru eftir í fullunninni vöru og er enn til staðar í lokaafurð, jafnvel þó að í breytti formi sé; leifar skulu ekki teljast vera „innihaldsefni“.

#### *Innri úttekt*

Innri úttekt felur í sér að fyrirtækið sjálft skoði eða láti óháðan aðila skoða hvort unnið sé eftir þeim verkferlum sem settir hafa verið upp til að tryggja að kröfur fyrir notkun upprunamerkisins séu uppfylltar.

#### *Kjöt*

Kjöt er vöðvar, fita, skinn, pura, himnur, innmatur og sinar í því magni sem venjulega finnst í holdi dýra og fugla, sem eru hæf til manneldis. Fita utan á innyflum telst ekki kjöt.

#### *Merkiseigandi*

Eigandi orð- og myndmerkisins „ÍSLENSKT – STAÐFEST“ og staðals sem setur skilyrði fyrir notkun merkisins.

#### *Notendur*

Fyrirtæki eða frumframleiðendur sem hafa fengið samþykka notkun upprunamerkisins á tilteknar vörur og undirritað samning þess efnis við merkiseiganda.

#### *Starfsstöð*

Hver eining í fyrirtæki, dæmi, afurðastöð, verslun, pökkunaraðstaða og hluti verslunar. Hvert fyrirtæki getur staðið saman af fleiri en einni starfsstöð.

Athugið að ekki er gerð krafa um að sama fyrirtæki meðhöndli eða geymi vörur á sínu eigin yfirráðasvæði. Jafnvel milliliðir, svo sem flutningsaðilar og aðrir sem stýra flutningum á vörum, geta talist til fyrirtækis eða starfsstöðvar. Aðalskrifstofa fyrirtækis getur því verið ein starfsstöð.

#### *Undirverktaki*

Fyrirtæki sem samkvæmt samningi við notanda upprunamerkis meðhöndlar, vinnur, pakkar og/eða upprunamerkir vörur undir vörumerki annars fyrirtækis.

#### *Samsett innihaldsefni*

Innihaldsefni sem er sjálft afurð úr fleiri en einu innihaldsefni.

#### *Samsett eða unnin matvæli/vörur*

Unnin matvæli eru samsett úr einu eða fleiri hráefnum og geta innihaldið aukefni.

#### *Umbúðir*

Umbúðir eru allar umbúðir sem umlykja eða hafa að geyma matvæli eða efni sem notuð eru við framleiðslu matvæla.

#### *Undirverktaki*

Fyrirtæki sem samkvæmt samningi við notanda upprunamerkis meðhöndlar, vinnur, pakkar og/eða upprunamerkir vörur undir vörumerki annars fyrirtækis.

#### *Úttektaraðili*

Úttektaraðili er óháður fagaðili á matvælasviði sem hefur fengið sérþjálfun í kerfisbundnum skoðunum á því hvort unnið sé með skilvirkum hætti samkvæmt ákvæðum í matvælaöryggis- og rekjanleikastöðlum, þar með talið þessa staðals.

#### *Villibráð*

Villt dýr sem ekki eru fóðruð á vaxtartímanum.

#### *Vinnsla*

Allt sem breytir verulega upprunalegri hrávöru, m.a. með eldun, reykingu, þurrkun, marineringu o.s.frv.